

Lög

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum (fjarfundir nefnda).

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nefndarmönnum er þó heimilt að taka þátt í nefndarfundi með notkun fjarfundarbúnaðar þegar sérstaklega stendur á, svo sem af heilsufars- eða sóttvarnarástæðum, vegna samgöngutruflana eða veikinda aðstandenda eða þegar fundir eru haldnir utan starfsáætlunar þingsins. Forföll og notkun fjarfundarheimildar skal tilkynna nefndarritara með eins góðum fyrirvara og unnt er.

2. gr.

Við 2. málsl. 22. gr. laganna bætist: eða tekur þátt í fundi samkvæmt heimild í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 5. nóvember 2020.